

Sp.

46. Tillaga til þingsályktunar

[46. mál]

um verndun geitfjárstofnsins.

Flm. Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera í samráði við Búnaðarfélag Íslands ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að eytt verði hinum forna geitfjárstofni, sem enn er í landinu.

Greinargerð.

Í greinargerð þeirri eftir Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra um búpening á Íslandi, sem prentuð er í II. bindi minningarrits Búnaðarfélags Íslands 1937, segir svo:

„Geitur hafa verið fluttar hingað með landnámsmönnum, og er víða getið um þær í sögunum. Eigi er vitað um, að geitur hafi verið fluttar inn á síðari öldum, og munu því geitur þær, er vér höfum, vera komnar af hinum upprunalega kynstofni. Tala geitfjár hefur verið:

1703	818	1915	1127
1853	914	1930	2983
1901	340	1935	2311

Flestar hafa geitur orðið 1930. — $\frac{3}{4}$ af öllu geitfé er í Þingeyjarsýslu, þá eru næstflestar geitur í Norður-Múlasýslu (137) og Ísafjarðarsýslu (135). Í nokkrum kaupúnum eru geitur.“

Í síðustu búnaðarskýrslum hagstofnunnar er gerð grein fyrir geitfjárstofninum eins og hann var árið 1957. Þar segir svo á bls. 28:

„Geitfé sýnist ætla að verða aldauða hér á landi innan skamms. — Framtaldar geitur 1957 voru alls 98, þ. e. 17 í Suður-Þingeyjarsýslu, 60 í Norður-Þingeyjarsýslu, 11 í Norður-Múlasýslu og 10 í Suður-Múlasýslu.“

Þar sem sagt er, að geitfé hafi orðið flest hér á landi árið 1930, er auðvitað aðeins átt við síðari tíma, frá því í byrjun 18. aldar, því að frá fyrri tímum er engar tölur til um fjölda búfjár í landinu. Vera má, að geitfjárrækt hafi aldrei verið sérlega gildur þáttur í þjóðarbúskapnum. En víða hefur þessi búfjártegund þó komið við sögu. Um það vitna örnefni hér og þar: Hafrafell, Kiðagil Kiðjaberg, Geitafell, Geitavík, Geitaskarð, Geitháls, Geithellnar o. s. frv. Ekki er fyrir það að synja, að enn kunni að geta orðið góð not af geitfé, þar sem staðhættir leyfa, t. d. í sambandi við ostagerð. En hvað sem því líður, þá er það ekki vansalaust, að íslenski geitfjárstofninn verði látinn deyja út í landinu.

Hyggilegasta leiðin til þess að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofnsins er sennilega sú að semja við hlutaðeigandi bændur um að halda við geitfjáreign sinni, gegn því að hið opinbera sjái um, að þeir verði skaðlausir af. Kostnaður við þetta yrði sjálfsagt ekki mikill, en hér þarf að hefjast handa nú þegar, áður en það er um seinan.

Mál þetta var til umræðu á búnaðarþingi s. l. vetur. Verður að telja sjálfsagt að hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands um lausn þess og fela því framkvæmdina.